



Reykjavík, 25. september 2024
MSS22020161

Viðtakandi: Íbúaráð Reykjavíkurborgar
Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Breyting á úthlutunarreglum hverfissjóðs

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 22. ágúst sl. samþykkti ráðið drög að breytingum á úthlutunarreglum hverfissjóðs. Breytingunum er ætlað að auka skilvirkni og gagnsæi við úthlutun úr sjóðnum.

13. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs hljóðar nú svona:

„Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. **Styrkþegi ber ábyrgð á að veita Reykjavíkurborg réttar upplýsingar um kennitölu og bankareikning í styrkumsókn svo að hægt sé að greiða styrkinn. Hafi samningur um úthlutun ekki verið undirritaður innan 14 daga frá því að hann barst styrkþega áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að fella styrkinn niður.**“

Ný 15. gr. hefur bæst við úthlutunarreglurnar:

„Styrkþegar sem ekki hafa framkvæmt verkefni innan þeirra tímamarka sem ákveðin voru við styrkúthlutun geta lagt nýja tímaáætlun fyrir íbúaráðið til samþykktar. Aðeins verkefni sem til stendur að framkvæma í samræmi við styrkumsókn verða lögð fyrir íbúaráðin á grundvelli þessarar greinar“

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

- Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs dags. 14. ágúst 2024.
- Nýjar úthlutunarreglur hverfissjóðs samþ. 22. ágúst 2024.



Reykjavík



Breyting á úthlutunarreglum hverfissjóðs

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 22. ágúst 2024: Drög að breytingum á úthlutunarreglum hverfissjóðs

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur mikilvægt að breyta nokkrum ákvæðum úthlutunarreglna hverfissjóðs til að auka skilvirkni og gagnsæi við úthlutun úr sjóðnum.

Í 13. gr. úthlutunarreglna sjóðsins kemur fram að hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs falli hann niður. Þessi regla hefur aftur á móti lítið vægi þar sem fjármálaskrifstofa Reykjavíkur lokar fjárhagsárinu um miðjan janúar ár hvert og ekki er hægt að greiða út styrki eftir það. Til að bregðast við þessu hefur skrifstofan sett ákvæði inn í samninga um styrkveitingar þess efnis að styrkir verði ekki greiddir hafi styrkþegi ekki skrifað undir samninginn fyrir 10. janúar ár hvert. Skrifstofan reynir jafnframt að greiða styrki eins hratt og örugglega og hægt er. Til að tryggja að styrkþegar séu meðvitaðir um að gengið sé frá úthlutun um leið og ákvörðun um styrkveitingu liggur fyrir er lagt til að 13. gr. úthlutunarreglna sjóðsins verði breytt.

Núverandi 13. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs:

„styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. **Hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs frá úthlutun fellur hann niður.**“

Ný 13. gr. mun hljóða svona:

„styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. **Styrkþegi ber ábyrgð á að veita Reykjavíkurborg réttar upplýsingar um kennitölu og bankareikning í styrkumsókn svo að hægt sé að greiða styrkinn. Hafi samningur um úthlutun ekki verið undirritaður innan 14 daga frá því að hann barst styrkþega áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að fella styrkinn niður.**“

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu berast reglulega fyrirspurnir frá styrkþegum sem hafa ekki náð að framkvæma verkefni sem hlutu styrk úr sjóðnum innan tímaáætlunar



en hafa áhuga á að skipuleggja ný verkefni í stað þess að endurgreiða styrkinn. Mikið bar á þessum fyrirspurnum meðan að á Covid-19 heimsfaraldrinum stóð. Komu þá jafnvel upp tilfelli þar sem styrkþegar óskuðu eftir að breyta verkefnum verulega til að hægt væri að framkvæma þau þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Þessar beiðnir voru lagðar fyrir íbúaráðin ásamt umsögn frá skrifstofunni. Nú þegar samkomutakmarkanir trufla ekki lengur hátíðarhöld eða aðra viðburði þar sem fólk kemur saman er mikilvægt að endurskoða verklagið varðandi slíkar beiðnir. Ný grein í úthlutunarreglum sjóðsins heimilar styrkþegum að leggja fram beiðni um að fresta framkvæmd verkefnis svo framarlega sem að verkefnalýsing hafi ekki breyst verulega.

Mun ný grein hljóða svona:

„Styrkþegar sem ekki hafa framkvæmt verkefni innan þeirra tímamarka sem ákveðin voru við styrkúthlutun geta lagt nýja tímaáætlun fyrir íbúaráðið til samþykktar. Aðeins verkefni sem til stendur að framkvæma í samræmi við styrkumsókn verða lögð fyrir íbúaráðin á grundvelli þessarar greinar.“

Óskað er því eftir að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykki breytingar á ákvæðum í 13. gr. og að auki nýja grein í úthlutunarreglum um hverfissjóð Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Úthlutunarreglur um Hverfissjóð Reykjavíkurborgar samþykkt 8. desember 2022



Reykjavík



Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla félagsauð, samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti þannig að tekið sé mið af þörfum íbúa. Sjóðurinn styrki einkum hverfisbundin félagasamtök, íbúa og aðra þá sem vilja leggja sitt af mörkum og standa fyrir hverfistengdum verkefnum/viðburðum með framangreind markmið til hliðsjónar.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir til hverfistengdra verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins, sbr. 1. gr. Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta íbúaráð sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Sjóðnum skal skipt á milli hverfa til úthlutunar. Skipting fjármagns milli hverfa verði á þann hátt að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda. Fyrir nánari útlistun á skiptingu fjármagns vísast til töflu í fylgiskjali með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Við úthlutun skal tekið mið af skiptingu fjármagns milli hverfa. Alla jafna skal hvert verkefni ekki hljóta hærri styrk en nemur 30% af heildarfjármagni þess hverfis sem umsókn er vísað til.





5. gr.

Við mat á umsóknum skal litið til ávinnings áætlaðs verkefnis fyrir hverfið. Leitast skal við að styrkja verkefni sem nýtast öllum eða stórum hluta íbúa hverfisins, stuðla að þátttöku fjölbreyttra hópa í mannlífi hverfisins eða miða að fegrun eða uppbyggingu svæða sem nýtast stórum hluta íbúa.

6. gr.

Verkefni sem falla að tilgangi sjóðsins og varða umhverfismál, þ.a.m. gróðursetningu blóma eða trjáplantna í borgarlandið, skal styrkja með úthlutun plantna, gróðurmoldar auk annarra nauðsynlegra efna frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar þegar því verður við komið. Áður en umsókn um styrk til gróðursetningar í borgarlandið er samþykkt skal fara fram samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Umsóknartímabil sjóðsins er tvisvar á ári frá 15. mars til 15. apríl og frá 15. september til 15. október. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ber ábyrgð á utanumhaldi styrkumsókna og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir umsagnir vegna styrkbeiðna og metur hæfi þeirra út frá lögum og reglum sem við eiga hverju sinni. Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum skal tekin af viðkomandi íbúaráði. Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins launakostnaðar til handa umsækjanda, en undir það falla t.a.m. umsóknir vegna endurtekinna viðburða á borð við námskeið eða reglulegar sýningar. Greinin kemur ekki til skoðunar sé eingöngu um að ræða þrjá viðburði eða færri. Einnig er heimilt líta fram hjá framangreindi reglu þegar sótt er um styrk vegna aðkeyptrar utanaðkomandi þjónustu, t.a.m. sem hluta af skemmtanadagskrá hverfishátíðar.





10. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins rekstrarkostnaðar. Þó geta íbúasamtök sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð og skila íbúaráði árlega yfirliti um störf sín sótt um sérstakan árlegan rekstrarstyrk. Fjárhæð rekstrarstyrks skal taka mið af fjölda íbúa í hverfinu sem og stærð íbúasamtaka. Veittur skal rekstrarstyrkur að hámarki kr. 100.000 og að því gefnu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a. Að aðalfundur samtakanna sé sannarlega haldinn.
- b. Að stjórn sé skipuð með lögmætum hætti.
- c. Að reikningar íbúasamtaka séu lagðir fram og samþykktir á aðalfundi íbúasamtaka.

11. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.

12. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef Reykjavíkurborgar. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

13. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. Hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs frá úthlutun fellur hann niður.





14. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins innan árs frá því að styrkur var veittur. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

15. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum og frá hvaða íbúaráði.

Samþykkt í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði 8. desember 2022



Reykjavík



Fylgiskjal með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar

Í samræmi við 3. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs Reykjavíkurborgar er skipting á milli hverfa fyrir árið 2023 eftirfarandi, tekið er mið af íbúafjölda í upphafi ársins 2024.

Árbær og Norðlingaholt	989.000 kr.
Breiðholt	1.379.000
Grafarholt og Úlfarsárdalur	854.000 kr.
Grafarvogur	1.216.000
Háaleitis- og Bústaðahverfi	1.148.000
Miðborg og Hlíðar*	1.411.000
Kjalarnes	592.000
Laugardalur	1.232.000
Vesturbær	1.179.000

*Hverfi Miðborgar og Hlíða eru sameinuð við úthlutun úr hverfissjóði. Þá úthlutar Miðborgarsjóður til verkefna sem falla að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.



Reykjavík



Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla félagsauð, samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti þannig að tekið sé mið af þörfum íbúa. Sjóðurinn styrki einkum hverfisbundin félagasamtök, íbúa og aðra þá sem vilja leggja sitt af mörkum og standa fyrir hverfistengdum verkefnum/viðburðum með framangreind markmið til hliðsjónar.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir til hverfistengdra verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins, sbr. 1. gr. Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta íbúaráð sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Sjóðnum skal skipt á milli hverfa til úthlutunar. Skipting fjármagns milli hverfa verði á þann hátt að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda. Fyrir nánari útlistun á skiptingu fjármagns vísast til töflu í fylgiskjali með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Við úthlutun skal tekið mið af skiptingu fjármagns milli hverfa. Alla jafna skal hvert verkefni ekki hljóta hærri styrk en nemur 30% af heildarfjármagni þess hverfis sem umsókn er vísað til.





5. gr.

Við mat á umsóknum skal litið til ávinnings áætlaðs verkefnis fyrir hverfið. Leitast skal við að styrkja verkefni sem nýtast öllum eða stórum hluta íbúa hverfisins, stuðla að þátttöku fjölbreyttra hópa í mannlífi hverfisins eða miða að fegrun eða uppbyggingu svæða sem nýtast stórum hluta íbúa.

6. gr.

Verkefni sem falla að tilgangi sjóðsins og varða umhverfismál, þ.a.m. gróðursetningu blóma eða trjáplantna í borgarlandið, skal styrkja með úthlutun plantna, gróðurmoldar auk annarra nauðsynlegra efna frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar þegar því verður við komið. Áður en umsókn um styrk til gróðursetningar í borgarlandið er samþykkt skal fara fram samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Umsóknartímabil sjóðsins er tvisvar á ári frá 15. mars til 15. apríl og frá 15. september til 15. október. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ber ábyrgð á utanumhaldi styrkumsókna og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir umsagnir vegna styrkbeiðna og metur hæfi þeirra út frá lögum og reglum sem við eiga hverju sinni. Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum skal tekin af viðkomandi íbúaráði. Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins launakostnaðar til handa umsækjanda, en undir það falla t.a.m. umsóknir vegna endurtekinna viðburða á borð við námskeið eða reglulegar sýningar. Greinin kemur ekki til skoðunar sé eingöngu um að ræða þrjá viðburði eða færri. Einnig er heimilt líta fram hjá framangreindi reglu þegar sótt er um styrk vegna aðkeyptrar utanaðkomandi þjónustu, t.a.m. sem hluta af skemmtanadagskrá hverfishátíðar.





10. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins rekstrarkostnaðar. Þó geta íbúasamtök sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð og skila íbúaráði árlega yfirliti um störf sín sótt um sérstakan árlegan rekstrarstyrk. Fjárhæð rekstrarstyrks skal taka mið af fjölda íbúa í hverfinu sem og stærð íbúasamtaka. Veittur skal rekstrarstyrkur að hámarki kr. 100.000 og að því gefnu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a. Að aðalfundur samtakanna sé sannarlega haldinn.
- b. Að stjórn sé skipuð með lögmætum hætti.
- c. Að reikningar íbúasamtaka séu lagðir fram og samþykktir á aðalfundi íbúasamtaka.

11. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.

12. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef Reykjavíkurborgar. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

13. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. Styrkþegi ber ábyrgð á að veita Reykjavíkurborg réttar upplýsingar um kennitölu og bankareikning í styrkumsókn svo að hægt sé að greiða styrkinn. Hafi samningur um úthlutun ekki verið undirritaður innan 14 daga frá því að hann barst styrkþega áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að fella styrkinn niður.





14. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins innan árs frá því að styrkur var veittur. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

15. gr.

Styrkþegar sem ekki hafa framkvæmt verkefni innan þeirra tímamarka sem ákveðin voru við styrkúthlutun geta lagt nýja tímaáætlun fyrir íbúaráðið til samþykktar. Aðeins verkefni sem til stendur að framkvæma í samræmi við styrkumsókn verða lögð fyrir íbúaráðin á grundvelli þessarar greinar

16. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum og frá hvaða íbúaráði.

Samþykkt í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði 22. ágúst 2024



Reykjavík



Fylgiskjal með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar

Í samræmi við 3. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs Reykjavíkurborgar er skipting á milli hverfa fyrir árið 2023 eftirfarandi, tekið er mið af íbúafjölda í upphafi ársins 2024.

Árbær og Norðlingaholt	989.000 kr.
Breiðholt	1.379.000
Grafarholt og Úlfarsárdalur	854.000 kr.
Grafarvogur	1.216.000
Háaleitis- og Bústaðahverfi	1.148.000
Miðborg og Hlíðar*	1.411.000
Kjalarnes	592.000
Laugardalur	1.232.000
Vesturbær	1.179.000

*Hverfi Miðborgar og Hlíða eru sameinuð við úthlutun úr hverfissjóði. Þá úthlutar Miðborgarsjóður til verkefna sem falla að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.



Reykjavík